

**Sp. 364. Tillaga til þingsályktunar [190. mál]**  
um skólaíþróttahús við Hamrahlíð í Reykjavík.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Ellert B. Schran.

Alþingi ályktar, að leitað skuli samstarfs við Reykjavíkurborg um að reisa sameiginlegt íþróttahús fyrir Hlíðaskóla og Menntaskólann við Hamrahlíð, enda tryggi ríkisstjórnin, að framkvæmdir geti hafizt á þessu ári.

**G r e i n a r g e r ð.**

Við Hamrahlíð í Reykjavík standa hlið við hlið tveir fjölmennir skólar, sem báða skortir leikfímishús.

Við Menntaskólann í Hamrahlíð er engin leikfímiskennsla á stundaskrá. Nemandur Hlíðaskóla hafa þurft að sækja leikfími í leiguhúsnæði sunnan Reykjanesbrautar, sem er hættuleg umferðaræð.

Næstu verkefni í byggingarmálum hvors skóla um sig eru byggingar íþróttahúsa. Tillögur um fjárveitingu til Menntaskólans í Hamrahlíð í þessu skyni voru felldar við afgreiðslu fjárlaga nú í vetur. Til íþróttahúss Hlíðaskóla hefur Reykjavíkurborg gert tillögu um fjárveitingu í frumvarpi til fjárhagsáætlunar.

Tillaga okkar miðar að því, að leyst verði úr þessum vanda beggja skólanna sameiginlega, í stað þess að reisa tvö hús vegna þess eins, að annar sé ríkisskóli, en hinn á vegum borgarinnar.

Samstarf ríkis og borgar um þessa framkvæmd getur gert hana einfaldari og fljótlegrí, gefið betri möguleika til nýtingar hússins og sparað almannafé.